
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	Raforkuhópur 2006-02
Fundartími:	Þriðjudagur 7. mars 2006 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Raforkunotkun ársins 2005 og fréttatilkynning.
	2) Skipulag gagnasöfnunar og úrvinnsla.
	3) Notkunarflokkar raforku 2005.
	4) Aflþörf raforkukerfisins 2005.
	5) Trúnarðaryfirlýsing.
	6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:	
Raforkuhópurinn:	Eymundur Sigurðsson Gunnar Aðalsteinsson Sigurður Ágústsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Landsnet:	Ásgeir Sigtryggsson Íris Baldursdóttir
Fjarverandi:	Pétur E. Þórðarson Agnar Árnason Ívar Þorsteinsson

- 1) JV fór yfir raforkunotkun ársins 2005 og varpaði upp töflum á skjávarpa. Hann sagði að öll gögn væru komin og samtals innmötun og úttekt flutningskerfisins passaði við tölur Landsnets. Raforkuvinnsla hefur aukist um 0,7% á milli ára, stórnotkun minnkaði um -0,8% og almenn notkun jókst um 3,2%. Almenn forgangsorka jókst um 4,2% en sala á ótryggðri orku minnkaði um -3,7%. Við hitastigsleiðréttingu minnkar aukningin á milli ára þar sem árið 2005 var kaldara en árið 2004. Aukning almennrar notkunar eftir leiðréttingu er 2,4%, forgangsorku 3,5% og ótryggðrar orku -4,7%. JV sagði að undarlegt væri að flutningstöpin væru að mestu óbreytt milli ára þar sem umfang flutningskerfisins jókst mikið á síðasta ári. Einu skýringarnar sem gætu verið á því er að hluti af töpum ársins 2004 hafi í raun verið eigin notkun í virkjunum Landsvirkjunar og að töp í spennum virkjana eru ekki lengur innifalin í flutningstöpum. AS ætlar að senda JV gögn um töpin 2004 og gögn ef hann á um töp í spennum vijkjana, í 66 kV kerfinu og ómælda eigin notkun. JV var falið að birta þessar töflur á heimasíðu nefndarinnar. JV sýndi einnig

drög að fréttatilkynningu um raforkunotkun síðasta árs sem er eins uppbyggð og á síðasta ári. JV var falið að senda hana til Orkustofnunar.

- 2) JV sagðist hafa farið yfir gögn með AS og Sigfúsi hjá Landsneti og hafa fengið nokkrar raðir að nýju eftir það þar sem þær hefðu verið leiðréttar. Eftir það passa niðurstöður við tölur Landsnets. AS fór yfir gagnasöfnun Landsnets og sagði að þeir reyndu að fá einungis þau gögn sem þeir þyrftu á að halda og þyrfti því að leita til dreifiveitnanna með önnur gögn. IB spurði um Samorkuauðkenni á mælaröðum hvort þau ættu ekki að vera einkvæm þannig að allar veitur notuðu sama auðkennið á sömu röðina. AS sagði svo vera og ætlar IB að skoða betur misræmi sem hann hafði rekist á.
- 3) IB sagði að notkunarflokkar raforku væru komnir frá öllum nema Orkubúi Vestfjarða, Rafmagnsveitum ríkisins og Rafveitu Reyðarfjarðar. Nokkur umræða var um söfnun notkunarflokka og hverjir ættu að skila þeim.
- 4) IB sagði að stór hluti aflgagna væri kominn eftir væri að setja hluta af þeim inn í gagnagrunn.
- 5) JV sagði að ES hefði útbúið skjal með trúnaðaryfirlýsingu og dreifði hann skjalinu. Fundarmenn ætla að fara yfir hana og senda athugasemdir til JV fyrir næsta fund svo hægt verði að skrifa undir hana þá.
- 6) ES sagði að þetta væri síðasti eða næst síðasti fundur sinn í hópnum og að Íris Baldursdóttir mundi taka hans sæti í hópnum. Fundarmenn buðu Írisi velkomna og þökkðu ES samstarfið. ES lagði til að AS tæki einnig sæti í hópnum. AS sagðist munu hugleiða það og mun hann fá fundarboð á næstu fundi og síðan í lok árs mun hann gefa svar um framtíðarsetu í hópnum. SA sagðist hafa fengið fyrirspurn frá Eurelectric um þátttöku Íslands í skýrslugerð um raforkumál og taldi hann að þau gögn sem þar um ræðir væri best að fá frá raforkuhópnum. Spurði hann því hvort hópurinn væri tilbúinn til að taka saman þau gögn. JV var falið að skoða það sem hér um ræðir og síðan verður fjallað frekar um þessa fyrirspurn á næsta fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:20. Næsti fundur ákveðinn 4. apríl 2006.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Tölur um raforkunotkun 2005.
- Fréttatilkynning um raforkunotkun 2005.

Dreift var á fundinum:

- Trúnaðaryfirlýsing.